

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **20-033F005**

Dags: **5. mars 2020**

Staður: **Rétt fyrir landingu á Akureyrarflugvelli**

Lýsing: **Eldsneytispurð**

Flugmaður flaug ásamt einum farþega á flugvél TF-PAA (Piper PA-16) frá flugvelli á Akureyri, en tilgangur flugsins var að taka ljósmyndir af annarri flugvél á flugi.



Í fyrirflugskoðun taldi flugmaður flugvélar TF-PAA að eldsneytisgeymir í nefi, sem rúmar 12 USG, væri að $\frac{3}{4}$ fullur eða með um 35 lítra af eldsneyti sem er um 1 klst og 45 mín flugþol. Magn eldsneytisins í eldsneytisgeymi í nefi er sýnt á sjónglasi sem staðsett er fyrir neðan mælaborðið í stjórnklefanum.

Samkvæmt flugáætlun var áætlaður flugtími 1 klst og 10 mín og áætlaði flugmaðurinn að við landingu væri eftir eldsneyti á eldsneytisgeymi í nefi sem samsvaraði um 35 mín af flugþoli.

Flugtak var klukkan 11:58 og var flogið framhjá Hraundröngum í Öxnadal og síðan yfir botn Glerárdals.



Í miðjum Glerárdal fór hreyfill flugvélarinnar að hiksta. Leit þá flugmaðurinn á sjónglas fyrir eldsneytisgeyminn í nefi og sá að hann var tómur. Flugmaðurinn vissi af smá eldsneyti í eldsneytisgeymi í vinstri væng og stillti hann þá á þann geymi. Ljósmyndatökunni var hætt, stefnt var á Súlumýrar og haldið í átt að flugvellingum á Akureyri.

Flogið var yfir Súlumýrar í 4500 fetum. Hafði flugmaðurinn samband við flugumferðarstjóra í flugturninum á Akureyri og fékk að vita að hann væri númer tvö inn til landingar á flugbraut 19. Þegar TF-PAA var í 2000 fetum yfir Leiruvegi bað flugumferðarstjórinn flugmann TF-PAA að taka hring yfir bænum, til að hleypa annarri umferð í loftið.

Flugmaðurinn svaraði að hann gæti það ekki, því hann væri með lítið eldsneyti. Fékk hann því forgang inn til landingar. Í um 200 feta hæð yfir braut missti hreyfillinn afl þegar eldsneytið þraut.

Sveif flugvél TF-PAA inn til landingar og lenti án vandkvæða klukkan 13:12. Að lokinni landingu þurfti flugmaðurinn aðstoð við að aka flugvélinni út af flugbrautinni.

Að sögn flugmannsins er eldsneytiseyðsla flugvélar TF-PAA um 20-22 lítrar á klukkustund. Flugtíminn var 1 klst og 14 mínútur, sem var einungis 4 mínútum lengra flug en flugáætlanin hljóðaði upp á. Miðað við það átti flugmaðurinn að eiga 31 mínútur eftir af eldsneyti í lok flugsins.

Flugvélin var skoðuð eftir landingu til að athuga hvort sjónglas fyrir eldsneytisgeymi í nefinu gæfi upp rétt eldsneytismagn. Eldsneyti var sett á eldsneytisgeyminn í skrefum og sjónglasið skoðað á milli. Reyndist sjónglasið gefa upp rétt eldsneytismagn í eldsneytisgeyminum í þessum prófunum.

Einnig var athugað hvort eldsneytiskerfið læki og reyndist svo ekki vera.

RNSA telur að flugmaðurinn hafi í flýti mislesið af sjónglasinu í fyrirflugskoðuninni.

Árið 2009 varð sambærilegt atvik á flugvél TF-GMG. Í skýrslu um það beindi Rannsóknarnefnd flugslysa (RNF) þeim tilmælum til flugmanna að leggja ekki af stað í flug án þess að ganga úr skugga um að nægjanlegt eldsneyti væri á flugvélinni. Einnig benti RNF á upplýsingabréf (AIC B04/2002) Flugmálastjórnar Íslands síðan 2002.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur farið yfir málið og lokaði því með bókun þann 28. maí 2020.